

LÖG

um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum (texti ársreiknings).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 2. og 3. mgr.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félagi skv. 1. mgr. 1. gr. heimilt að semja ársreikning og, ef við á, samstæðureikning á ensku, enda hafi félagið af því mikilsverða hagsmuni, svo sem vegna erlendra fjármögnunar eða viðskiptasambanda. Semji félag ársreikning og, ef við á, samstæðureikning á ensku skal hann þýddur á íslensku og skal í skýringum með íslensku útgáfunni koma fram að um sé að ræða íslenska þýðingu á þeim reikningi sem samþykktur var á hluthafafundi félagsins.
- c. 3. másl. 2. mgr. orðast svo: Hafi félag fengið heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skulu allar fjárhæðir í þeim reikningi sem sendur er ársreikningaskrá til varðveislu og birtingar vera í sömu mynt.

2. gr.

Í stað tilvísunarinnar „2. mgr. 7. gr.“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: 3. mgr. 7. gr.

3. gr.

Á eftir 2. mgr. 109. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Gögn sem send eru ársreikningaskrá til birtingar skulu vera á íslensku. Sé ársreikningur saminn á ensku skv. 2. mgr. 7. gr. skal hann sendur ársreikningaskrá á íslensku og ensku.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda fyrir reikningsár sem hófst 1. janúar 2017 eða síðar.

Gjört á Bessastöðum, 14. nóvember 2018.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Pórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.